



# DKG

INTERNATIONAL SOCIETY  
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

*Vor 2015*

*Félag kvenna í fræðslustörfum  
á Íslandi*

## *ÚTÞRÁ*

*Elísabet Geirmundsdóttir*

*Þú víðáttan hvíka  
ég vil ekki hika  
nú verð ég að slíta öll bönd.  
Sólgeislar loga  
um ljósbláa voga  
og leika sér báru við strönd.*

*Lögurinn tindrar  
og leiftrar og sindrar,  
leiða ég hrindi mér frá.  
Ég finn hvernig blossar  
í brjóstinu og fossar  
um blóð mitt hin ólgandi frá.*

*Það er logandi straumur  
það er líf, ekki draumur  
sem leysir hin þvingandi bönd.  
Hví skyldi þá hika  
er bylgjurnar blíka  
og brosandí rétta mér hönd.*

*Þegar ljómar af degi  
er létt mínu fleyi  
og látið á svellandi höf  
því fjarlægðin dregur  
og frjáls er minn vegur  
ég fagna, ég þoli ekki töf.*

*Nú vindurinn tryllir  
voðina fyllir  
og víður er glitrandi hlér.  
Ó, berðu mig alda  
á brjóstinu kalda  
ég bið ekki lengur – ég fer.*



Fríða Pétursdóttir, Sigríður Magnúsdóttir, Dagný Birnisdóttir og Dagbjört Ásgeirsdóttir í sólinni framan kaffihúsið Gísla, Eirík, Helga á Dalvík.

## Sumarkveðjur frá samskipta- og útgáfunefnd

Kæru DKG systur það er með ánægju og gleði að við skilum af okkur síðasta fréttabréfi þessarar samskipta- og útgáfunefndar. Nefndin þakkar góðar viðtökur við þeim þremur bréfum sem hún hefur sent frá sér og vonar að það fréttabréf sem hér birtist falli ykkur vel í geð.

Samskipta- og útgáfunefnd er staðsett í Eyjafirði, eins og áður hefur komið fram, og í henni sitja fulltrúar úr Betadeild og Mýdeild. Í þeim ritum sem frá okkur hafa komið höfum við lagt áherslu á að kynna norðlenskar konur. Að þessu sinni kynnum við alþýðulistakonuna Elísabetu Geirmundsdóttur (1915 – 1959) sem hefði orðið 100 ára í ár og var þeirra tímamóta minnst með yfirlitssýningu á Listasafninu á Akureyri. Við undirbúning þeirrar sýningar var notast við bók sem Betadeild gaf út um þessa merku konu. Í blaðinu greinir Hanna Salómons dóttir frá því hvernig það kom til að ráðist var í þetta verkefni og við birtum ljóð eftir þessa fjölhæfu listakonu. Í vorbréfinu að þessu sinni birtast pistlar frá

deildum og einnig greina íslenskar nefndarkonur í erlendum nefndum DKG frá þeim verkefnum sem þær eru að fást við.

Tveggja ára starfstímabili þessarar samskipta- og útgáfunefndar er nú að ljúka. Starfið í nefndinni hefur verið skemmtilegt og fróðlegt og án efa hefur það tengt norðandeildirnar saman, hina gamalgrónu Betadeild og hina ungu og fersku Mýdeild. Við erum margs fróðari um starf samtakanna og umfang þess og við þökkum fyrir það traust sem okkur var sýnt þegar tilnefnt var í þetta verkefni.

Samskipta- og útgáfunefnd þakkar samstarfið og vonar að félagskonur og fjölskyldur þeirra eigi gott og gleðilegt sumar í vændum.

Dagbjört Ásgeirsdóttir (Mý),  
Dagný Birnisdóttir (Mý),  
Fríða Pétursdóttir (Beta) og  
Sigríður Magnúsdóttir (Beta)



## Kveðja frá landssambandsforseta

Guðbjörgu M. Sveinsdóttur



### Styrkjum tengsl til framtíðar

Þegar þetta fréttabréf kemur út eru liðin tæp tvö ár síðan ég tók við embætti forseta landssambandsins. Þetta hefur verið lærdómsríkur og ánægjulegur tími. Ég hef verið svo lánsöm að vinna með samheldnum konum í stjórn, framkvæmdaráði og nefndum félagsins. Auk þessara kvenna hafa margar konur komið að starfinu þessi tvö ár og hjálpað okkur að móta starfið og gera það öflugra. Mig langar að þakka öllum þeim sem hafa komið að starfinu í þessi tvö ár og hjálpað okkur í stjórninni að halda á lofti merkjum DKG á Íslandi.

Starf deildanna er það sem skiptir öllu máli og mikilvægt að hlúa vel að því. Ég er afar þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að upplifa deildafundi víðsvegar um landið hjá flestum deildum félagsins. Þar ríkir svo sannarlega vinátta, trúmennska og hjálpssemi. Það er gaman að sjá að DKG félagar eru stöðugt að vinna að verkefnum í fræðslumálum, efla sig faglega og sem félagskonur.

Þið eruð félagið og starfsemi DKG blómstrar vegna ykkar. Deildirnar setja sér metnaðarfull markmið fyrir vetrarstarfið þar sem ríkir góð blanda af fræðslu og skemmtun. Deildir eru farnar að heimsækja hver aðra og konur fá því

tækifæri til að kynnast betur og miðla þekkingu sinni. Við þurfum líka að nýta okkur þetta tengslanet, miðla þekkingu út í samfélagið okkar og taka þannig þátt í að móta það. Látum í okkur heyra og verum virkir álitsgjafar um menntamál.

Framundan er landssambandsþing með fræðsludagskrá, menningartengdri dagskrá og aðalfundi. Það verður gaman að hittast, fræðast, hlæja og spjalla saman á góðri stundu. Síðar í sumar er það Evrópuþingið í Borås sem nokkrar íslenskar konur ætla að sækja. Nánari upplýsingar um störf landssambandsstjórnar 2013-2015 má sjá í skýrslu forseta sem lögð verður fram á aðalfundi.

Stjórnin lagði upp í þetta tveggja ára ferðalag með leiðarljósið **Styrkjum tengsl til framtíðar**. Ég hef svo sannarlega verið að styrkja tengsl s.l. tvö ár og vil þakka ykkur öllum fyrir ánægjulegan tíma og góð kynni.

Ég vona að þið hafið það gott í sumar.

Guðbjörg M. Sveinsdóttir  
forseti DKG

## Elísabet Geirmundsdóttir

### Listakonan í Fjörinni

#### Hanna Salómundsdóttir Betadeild, ritar.



*Hanna Salómundsdóttir, Betadeild.*

Á 9. áratug síðustu aldar réðust Beta konur á Akureyri í það stórvirki að gefa út bók um alþýðulistakonuna Elísabetu Geirmundsdóttur (1915 – 1959) eða Betu Geirs. Elísabet var merkileg kona og fjölhæf í listsköpun sinni svo sem greint er frá í formála bókarinnar er ritaður var af Beta systurinni Eddu Eiríksdóttur sem sat í útgáfunefnd.


Meðal alþýðumanna hafa leynst listamenn á öllum öldum. Sumir hafa haft aðstöðu til að rækta hæfileika sína og koma verkum sínum á framfæri, aðrir ekki, en hafa engu að síður lifað í verkum sínum og listsköpun þeirra vakið undrun og aðdáun. Í þeim hópi er listakonan úr Fjörinni á Akureyri, Elísabet Geirmundsdóttir. (Listakonan í Fjörinni. 1989).

Elísabet var fjölhæfur listamaður. Hún málaði og teiknaði myndir, skar út í tré, mótaði stytur og samdi ljóð og lög svo eitthvað sé nefnt. Með bókaútgáfunni vildu Beta konur leggja sitt af mörkum til þess að heiðra minningu Elísabetar og stuðla að varðveislu íslenskrar alþýðulistar. Í þessari fallegu bók er listakonan kynnt og birt eru sýnishorn af fjölbreyttum verkum hennar.

Hér fer á eftir frásögn Hönnu Salómundsdóttur af því hvernig það kom til að Beta systur réðust í það verkefni að gefa út bókina.

#### **Tilurð bókarinnar *Listakonan í fjörinni***

Á Landsambandsfundi að Varmalandi í Borgarfirði árið 1985 ákváðum við nokkrar Beta systur DKG að kynna akureyrsku alþýðulistakonuna Elísabetu Geirmundsdóttur eða Betu Geirs eins og hún var jafnan kölluð. Fengum við lánuð nokkur málverk og stytur hjá afkomendum hennar, tókum með okkur og róktum við æviferil þessarar merku konu bæði í máli og myndum. Vakti þetta mikla athygli á fundinum og



*Huldan í hamrinum  
Tréskurðarmynd eftir  
Elísabetu Geirmundsdóttur*



*Bókarkápa bókarinnar um  
Elísabetu Geirmundsdóttur*

hvöttu aðrar DKG konur okkur til að gera eitthvað frekar úr kynningunni.

Skömmu síðar kom upp sú hugmynd að gefa út bók um listakonuna í samráði við fjölskyldu hennar. Hófumst við handa við að safna til útgáfunnar. Gáfum við út fimm kort er sýndu listaverk Elísabetar en leituðum einnig eftir styrkjum og fengum myndarlega styrki m.a. frá Menningarsjóði KEA og menningarmálanefnd Akureyrar. Þá voru félagskonur einnig ötular að safna áskrifendum, bæði meðal einstaklinga og bókasafna. Fleira gerðum við til kynningar áður en kom að bókaútgáfunni. Við skrifuðum grein til að kynna listakonuna og væntanlega bókaútgáfu og birtist hún í Morgunblaðinu og Degi á Akureyri. Einnig lásum við ljóð eftir Elísabetu á kirkjuvöku á Akureyri. Þá stuðluðum við að sýningu á Minjasafninu á Akureyri vorið 1988 þar sem myndir og munir Elísabetar voru til sýnis. Jafnframt hvöttum við kennara til þess að fara með nemendur sína að sjá sýninguna og jafnvel gera verkefni henni tengdri.

Bókin kom svo út í látleysi sínu og fegurð á haustdögum 1989. Ákveðið var að gefa út 1000 eintök, þar af 600 tölusett og færðum við frú Vigdís Finnbogadóttur, þáverandi forseta bók nr. 1.

Í ár eru 100 ár liðin frá fæðingu Elísabetar Geirmundsdóttur. Af því tilefni var, í ársbyrjun, sett upp sýning í Listasafninu á Akureyri á verkum Elísabetar í samvinnu við fjölskyldu hennar. Kom bókin þá í góðar þarfir og við opnun sýningarinnar

færðum við í Beta deildinni Listasafninu eintak að gjöf enda hafði verið stuðst við bókina við uppsetninguna.

Ágóðann af sölu bókarinnar lögðu Beta konur í sjóð er ber nafnið Elísabetarsjóður. Eitt af markmiðum hans er að styrkja Beta konur er þær sækja fundi eða ráðstefnur DKG samtakanna utanlands og sækja sér þar með fræðslu og víðsýni.

Við Beta konur megum vera stoltar af bókinni og því hversu framsýnar við vorum fyrir 30 árum.



*Vordögg  
Málverk eftir  
Elísabetu Geirmundsdóttur*

**Myndirnar sýna póstkort sem  
Betadeild gaf út til þess að  
fjármagna útgáfu bókarinnar.**

**Ljósmyndir Ásgrímur  
Ágústsson.**

## Alfa

„... Gestur fundarins og fyrirlesari var Sigrún Jóhannesdóttir í Deltadeild, fjallaði hún um stöðu DKG í fortíð og nútíð og þær breytingar sem slík samtök ganga óhjákvæmilega í gegnum...“

„... og þar ræddi María Sólveig varaformaður bókina um Hans Jónatan eftir Gísla Pálsson, en Hans Jónatan er sá fyrsti af afrísku bergi brotinn sem settist að á Íslandi af að því er talið er og er forfaðir Maríu.“

### Alfa

Alfadeildin, fyrsta deild DKG samtakanna á Íslandi, var stofnuð 7. nóvember 1975 í Reykjavík.

Ný stjórn Alfadeildar tók til starfa í ágúst og voru stjórnarkonur sammála um að halda áfram að fræða félagskonur um menntun hinna ýmsu hópa samfélagsins en það hafði verið stefna fyrri stjórnar. Þema starfstímabils næstu tveggja ára yrði *-Menntun áfram-*. Ákveðið var að hafa sex fundi á tímabilinu.

Fyrsti fundur Alfadeildar var haldinn í september. Formaður nýkjörinnar stjórnar, Steinunn Ármansdóttir bauð viðstadda velkomna og kynnti starfið framundan. Hún sagði frá áformum stjórnarinnar um að halda áfram að kynna menntun frá ýmsum sjónarhornum og gerði ráð fyrir að haldnir yrðu sex fundir á þessum vetri. Gestur fundarins og fyrirlesari var Sigrún Jóhannesdóttir í Deltadeild, fjallaði hún um stöðu DKG í fortíð og nútíð og þær breytingar sem slík samtök ganga óhjákvæmilega í gegnum og hvernig bregðast eigi við hnignun og snúa vörn í sókn. Hún minnti einnig fundargesti á hvað samtökin standa fyrir og hver markmiðin væru með starfinu. María Solveig Héðinsdóttir varaformaður deildarinnar flutti stutta hugveikju um hve einlægni og trúnaður skipti miklu máli í samtökum okkar og bað okkur að varðveita þann góða anda sem ávallt ríkt hefði innan deildarinnar.

Októberfundurinn var haldinn í fundarsal Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12. Illugi Gunnarsson kom á fundinn og kynnti Hvítbók menntamálaráðuneytisins ásamt aðstoðarkonu sinni. Öllum deildum DKG á Reykjavíkursvæðinu og á Reykjanesi var boðið til fundarins og þáðu margar félagskonur boðið og var fundurinn fjölsóttur og spunnust fjörugar umræður um menntamál en ráðherra leyfði fyrirspurnir meðan á kynningunni stóð.

Jólafundurinn hófst með heimsókn í hönnunarsafnið í Garðabæ. Þar kynnti Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands sýninguna Ertu tilbúin, frú forseti? og voru félagskonur á einu máli um að það hefði verið einkar fróðleg og persónuleg leiðsögn af hálfu frú Vigdísar. Að lokinni heimsókninni var snæddur jólakvöldverður í Norræna húsinu og þar ræddi María Solveig varaformaður bókina um Hans Jónatan eftir Gísla Pálsson, en Hans Jónatan er sá fyrsti af afrísku bergi brotinn sem settist að á Íslandi af að því er talið er og er forfaðir Maríu.

Fjórði fundur var haldinn í Fellaskóla í Reykjavík en þar fengu félagskonur kynningu á tilraunaverkefni sem hefur verið í gangi í Breiðholtshverfi í vetur og nefnist Menntun nú. Tilgangurinn er m.a. að aðstoða fólk sem hefur af einhverjum ástæðum fallið frá námi að taka merkið upp á nýjan leik, einnig að aðstoða innflytjendur við að ná tókum á íslenskri tungu. Fleiri námskeið eru í boði og er auðveldast að nálgast upplýsingar á [menntun.nuna@reykjavik.is](mailto:menntun.nuna@reykjavik.is) Framvæmdarstjóri verkefnisins Sesselja Pétursdóttir, náms- og starfsráðgjafi, rakti fyrir fundargestum hvernig til hefði tekist og var gerður góður rómur að málflutningi hennar.



Á fimmta fundi vetrarins var fjallað um menntun starfsmanna í ferðaþjónustu. Á fundinn komu tveir gestir sem hafa látið sig þessi mál varða. Það voru María Bjarnadóttir, fræðslufulltrúi Samtaka ferðaþjónustu, en hún hefur á undanförunum árum lyft grettistaki í menntunarframboði fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu. Hinn gesturinn var Margrét Reynisdóttir sem hefur útbúið myndefni til upplýsingar fyrir fólk í ferðaþjónustu á ýmsum tungumálum. Þar leggur hún áherslu á að kynna margbreytileikann þegar kemur að ólíku þjóðerni ferðamanna. Þetta þóttu einkar áhugaverð erindi og vöktu fundarkonur til umhugsunar um hvernig menntun væri háttáð hjá þeim sem vinna að eflingu stærsta atvinnuvegar þjóðarinnar.

Síðasti fundur starfstímabilsins verður haldinn 4. júní og verður slegið á léttari strengi. Félagskonur fá stutt erindi um markþjálfun og tækifæri til að njóta félagsskapar hverrar annar og léttra veitinga.

Það er mat stjórnarinnar að fundir og viðfangsefni í vetur hafi verið einkar áhugaverð og hefur aðsókn að öllu jöfnu verið góð og fundargestir verið virkir í umræðu.

*Steinunn Ármannsdóttir,  
Formaður*



*Ljósmynd: Guðný S. Ólafsdóttir, Mýdeild.*

### *Nafnlaust ljóð*

*Það drukknar svo margt í daglegri önn  
sem dreymir minn huga að vinna,  
við matargerð, sauma og margskonar strit  
þeim myndum ei hægt er að sinna,  
er sækja á hugann við hjáleitust störf,  
og hvísla mér þrálátt í eyra,  
þá ferðast minn hugur á framandi svið  
er fæ ég þær raddir að heyra.*

*En langflestar sökkuva í hylðýpishaf  
þær hugmyndir stórar og smáar,  
þó einstaka fái í efninu líf  
þær eru svo sorglega fáar.  
Því grafnar að hálfu í gleymskunnar sand,  
þó gefist mér tóm þeim að sinna  
þær krefjast þess allar að öðlast hér líf,  
hver einasta draumsýna minna.*

*Ég reyni eftir megni að læra þá list  
svo leyst verði tjáningarþörfin,  
að glíma í huga við ljóð eða lag  
það léttir hin daglegu störfin.  
En aðeins það veitir mér augnabliks ró  
í annríki líðandi stunda,  
því draumsýnir þær bíða óleystar enn  
sem innst mér í hugsnoti blunda.*

*Elisabet Geirmundsóttir,*

## Beta

„...Brynhildur Bjarnadóttir lektor við Háskólann á Akureyri og talaði hún um umhverfismál. Hún sagði m.a. að það ætti að leggja að jöfnu, kurteisi gagnvart fólki og kurteisi gagnvart náttúrunni...“

### Vissir þú...

... að á þessari slóð getur þú nálgast lista yfir vefsíður sem geta nýst þér í starfi sem kennari?

<https://www.dkg.org/sites/default/files/files-for-download/DKG%20Recommended%20Websites%20and%20Apps%20for%20Educators.2.pdf>

### Beta

Betadeild var stofnuð þann 2. júní 1977. Í henni eru konur frá Akureyri og nágrenni.

Ný stjórn Betadeildar tók til starfa í ágúst sl. og fyrsta verk hennar var að gera drög að starfsáætlun vetrarins ásamt því að koma með tillögu að þema sem deildin gæti starfað eftir næstu tvö árin. Þemað sem varð fyrir valinu bar yfirskriftina Móðir jörð og var hugmyndin að fræðast og fjalla um umhverfismál í víðum skilningi.

Vetrarstarf Betadeildar hófst með árlegri haustferð en að þessu sinni var haldið í Svarfaðardal og var Margrét Kristín í Betadeild með leiðsögn í ferðinni. Hún sagði okkur frá staðhátum, bæjum á leiðinni og tengdi þá fólki og merkjum atburðum. Fyrsti viðkomustaður okkar var kirkjustaðurinn á Tjörn og þar tóku hjónin Kristján Hjartarson og Kristjana Arngrímsdóttir á móti okkur. Þá var gengið til kirkju og sagði Kristján okkur sögu hennar og staðarins. Eftir það sungu þau hjón fyrir okkur nokkur lög og lék Kristján undir á gítar. Það er skemmst frá því að segja að þau heilluðu okkur með þessum frábæra söng sínum. Næst var haldið á Húsabakka og byrjað á því að skoða fuglasafnið. Það er skemmtilega uppsett og mjög gaman að skoða það. Að skoðun lokinni færðum við okkur í sal á staðnum og hófst fyrsti formlegi fundur Betadeildar þar sem m.a. voru kynnt drög að vetrardagskrá og þema vetrarins sem var samþykkt. Með okkur í þessari ferð var gestur frá Flórída, Margaret Ellen (Peg) Dunn-Snow en hún er í DKG samtökunum Mu deild.

Októberfundurinn var haldinn á Amtsbókasafninu á Akureyri. Ein kona var tekin inn í deildina, Elín Magnúsdóttir grunnskólakennari og var hún var boðin hjartanlega velkomin. Gestur kvöldsins var Brynhildur Bjarnadóttir lektor við Háskólann á Akureyri og talaði hún um umhverfismál. Hún sagði m.a. að það ætti að leggja að jöfnu, kurteisi gagnvart fólki og kurteisi gagnvart náttúrunni. Hún ræddi um grænt hagkerfi – meiri sjálfbærni. Hún ræddi einnig um að við hefðum gengið mjög á auðlindir jarðar og voru úrgangsmál henni mjög hugleikin og hvernig við skilum jörðinni til komandi kynslóða. Skemmtilegar og frjóar umræður sköpuðust eftir fyrirlesturinn.

Nóvemberfundur var haldinn í Menntaskólanum á Akureyri og aftur voru umhverfismál efst á baugi. Gestur kvöldsins var Kristín Sigfúsdóttir og ræddi hún m.a. um mengun og hvað hlutir og efni eru lengi að eyðast. Hún vitnaði í ýmsar konur og byrjaði á móður sinni sem hún sagði að hefði verið góð fyrirmynd og hefði nýtt alla hluti. Miklar umræður urðu eftir erindi Kristínar og höfðu konur áhyggjur af öllu því sem fellur til í samfélaginu okkar.

Jólafundur Betadeildar er haldinn með Mýdeild og var hann að þessu sinni í Hrafnagilsskóla. Óhætt er að segja að þessi hefð um sameiginlegan jólafund deildanna skapi skemmtilega stemningu og geri kvöldið enn hátíðlegra og glæsilegra. Á fundinum var boðið upp á tónlistaratriði en þær María Gunnarsdóttir úr Betadeild og





Ragnheiður Júlíusdóttir úr Mýdeild sungu nokkur jólalög við undirleik Ingólfs Jóhannssonar, Eiríks Stephensen og Petreu Óskarsdóttur úr Mýdeild. Petrea Óskarsdóttir og Ásdís Arnardóttir úr Mýdeild spiluðu einnig á þverflautu og selló nokkur jólalög. Orð til umhugsunar komu úr báðum deildum en María Steingrímisdóttir úr Betadeild flutti jólaminningar frá Dalvík og Birna Guðrún Baldursdóttir úr Mýdeild flutti hugleiðingu um jólaundirbúninginn og jólastressið. Þá var boðið til léttar jólamálíðar í boði stjórna Beta- og Mýdeilda.

Janúarfundurinn var bókafundur í heimahúsi þar sem konur sögðu frá áhugaverðum bókum sem þær höfðu lesið. Dagskrá var undirbúin af undirbúningsnefnd en fyrir nokkru var það fyrirkomulag tekið upp að allar Betasystur taka þátt í að undirbúa fundi og stjórna þeim.

Í febrúar var fundur í Glerárskóla á Akureyri. Undir liðnum orð til umhugsunar minntust nokkrar konur Elísabetar Geirmundsdóttur, listakonunnar í fjörunni, en hún hefði orðið 100 ára 16. febrúar. Elísabet Geirmundsdóttir er Betakonum hugleikin en stærsta verkefnið sem konur Betadeilda hafa tekið sér fyrir hendur var útgáfa bókar um þessa merku listakonu. Gestur kvöldsins var Edward Huijbens prófessor og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála. Hann ræddi m.a. um jörðina, jarðsögutímabilin og að nú væri komið nýtt tímabil, manntíminn. Mikið var rætt um áhrif aukinnar ferðamennsku á náttúruna og spunnust umræður um þau ásamt aðra þætt sem tengdust þessum fróðlega fyrirlestri. Marsfundurinn var haldinn á veitingastaðnum Silvu og er þessi



Ljósmynd: Guðný S. Ólafsdóttir, Mýdeild.

fundur óhefðbundinn. Á honum voru ræddar bækurnar, Stundarfró eftir Orra Harðarson og Náðarstund eftir Hannah Kent, en þær bækur voru valdar á bóka fundi í janúar.

Aprílfundurinn var í Brekkuskóla og var hann undirbúinn af undirbúningsnefnd. Þar var konunum skipt í hópa og veltu þær fyrir sér spurningum eins og hvernig getur Betadeild orðið sýnilegri út á við? Hvernig og hvað viljum við gera? Hóparnir greindu frá helstu niðurstöðum og mun undirbúningshópur taka niðurstöðurnar saman og fær stjórnin þær í hendur til að ákveða framhaldið. Áhugaverð vinna sem eflaust á eftir að skila einhverju inn í félagið.

Lokafundurinn verður haldinn í maí og þar verður hefðbundin dagskrá. Að henni lokinni fara konur út að borða og njóta kvöldsins saman.

Björk Sigurðardóttir,  
formaður

### *Sumarkveðja tíl mannsins míns*

*Alltaf blundar eilíft vor  
undir snjó og kllaða,  
þó að fenni í farin spor  
fáa mun það saka.  
Yfir háa austurbrún  
árdagsgeislar skína,  
ennþá sólin sendir rún  
sorgir hjartans dvína.*

*Rétt mér þína hlýju hönd  
hjartans vinur góði,  
við skulum ganga í ljóssins lönd  
leita að nýjum óði.  
Heyrðu vorsins vængjatað  
við skulum með því fljúga,  
öllum sorta sjá á bak,  
sumri og birtu trúa.*

Elísabet Geirmundsdóttir,  
1951

## Delta

„... Fyrsti stjórnarfundur nýrrar stjórnar var í ágúst og drög að starfinu næstu tvö árin gerð. Leggjum upp með kjörorðin „Styrkjum tengsl til framtíðar“ og þar með efla okkar tengsl innbyrðis....“

### Delta

Deltadeild var stofnuð þann 2. maí 1987. Í henni eru konur á Vesturlandi.

Við höfum starfsárið 2013-2014 seint og var einungis haldinn einn fundur fyrir jólin. Við heimsóttum Arnheiði Hjörleifsdóttur að Bjarneyjarsandi í Hvalfirði þar sem hún rakti fyrir okkur helstu stíklur í reynslu fjölskyldunnar af móttöku skólanemenda, en starf þeirra einkennist af sterkri sýn á menntun, umhverfi og sjálfbærni.

Á janúarfundinum hélt Sigrún Jóhannesdóttir sem er í deildinni námskeiðið Leiðarstjórnuna þar sem hver armur hefur sitt tákni og viðfangsefni: sjálfsefningu, næmi, framsýni, veruleika.

Í febrúar funduðum við á Akranesi og skoðuðum sýningu tveggja listakvenna í safninu að Görðum, þeirra Bergrósar Kjartansdóttur og Dýrfinnu Torfadóttur þar sem teft var saman ull og silfri. Funduðum við í Stúkuhúsinu og skoðuðum það.

Starfsárinu lukum við svo með aðalfundi í Landnámssetrinu í Borgarnesi eftir að hafa heimsótt Guðrúnu Bjarnadóttur í Hespuhúsinu og fræðst um jurttalun. Þórunn Reykdal, fráfarandi formaður, flutti erindi undir liðnum Mér er efst í huga. Nefndi hún það Óvissuferð í tíma og rúmi, þar sem hún sagði frá tóftum í Snjóöldufjallgarði við Tungná í máli og myndum. Gengið var til aðalfundarstarfa og flutti Þórunn Reykdal skýrslu formanns fyrir tímabilið 2012 – 2014 þar sem áhersla var lögð á að kynnast nýsköpun og frumkvöðlastarfi af ýmsum toga. Jensína Valdimarsdóttir gerði grein fyrir reikningum. Jónína Eiríksdóttir gerði grein fyrir tillögum

stjórnar og uppstillingarnefndar um stjórn Deltadeildar 2014 – 2016, leitast var við að taka tillit til landfræðilegrar legu og þess, að vænta má að stjórn muni hafa aðsetur á Akranesi þar næsta kjörtímabil. Tillaga var gerð um að Theodóra Þorsteinsdóttir verði formaður, Dagný Emilsdóttir varaformaður, Sjöfn Vilhjálmsdóttir ritari og Guðlaug Margrét Sverrisdóttir meðstjórnandi. Tillagan var samþykkt með lófaklappi og munu áður taldar konur því gegna stjórnarstörfum fyrir tímabilið 2014 – 2016. Í framhaldi af stjórnarkjörinu var það rætt að þar sem að Jensína Valdimarsdóttir muni gegna starfi gjaldkera samtakanna næstu árin muni stjórnin tilnefna nýjan gjaldkera fyrir haustið. Nokkrar Deltakonur fóru á vorþingið á





Ísafirði 10. maí.

Vorið 2013 sagði Helga Guðmarsdóttir sig úr Deltadeild og eru félagskonur því 26 talsins, að jafnaði er góð mæting á fundi og eru félagskonur virkir þátttakendur í undirbúningi þeirra.

Nýja stjórn Deltadeildar skipa Theodóra Þorsteinsdóttir formaður, Dagný Emilsdóttir varaformaður, Sjöfn Vilhjálmsdóttir ritari og Guðlaug Margrét Sverrisdóttir meðstjórnandi. Fyrsti stjórnarfundur nýrrar stjórnar var í ágúst og drög að starfinu næstu tvö árin gerð. Leggjum upp með kjörorðin „Styrkjum tengsl til framtíðar“ og þar með efla okkar tengsl innbyrðis. Sóley Sigurþórsdóttir kom inn sem gjaldkeri í stað Jensínu Valdimarsdóttur.

Fyrsti Deltafundurinn starfsárið 2014-2015 var í október, í Grunnskólanum í Borgarnesi. Samveran hófst á því að Signý Óskarsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Borgarnesi, sagði okkur frá sér og skólanum. Síðan var gengið til fundar. Theodóra formaður setti fundinn. Dagskrá vetrarins var skoðuð og lögð voru fram drög að dagskrá næstu tvo vetur. Umræður voru um að taka inn nýjar konur. Theodóra lagði til að meðan hún væri formaður yrði sungið á fundum og tóku konur vel í það og sungu tvö DKG-lög.

Jólafundurinn var haldinn í Reykholti í desember.

Okkar kona, Sjöfn Vilhjálmsdóttir, fræddi okkur um verkefnið „Leader in me / Leiðtoginn í mér“ sem grunn-og leikskólar í héraðinu eru að innleiða. Að loknum fundi fóru konurnar á jólatónleika í Reykholtskirkju, notalegt að enda árið á ljúfum nótum.

Við fengum góðan gest í heimsókn til okkar á janúarfundinn, Guðbjörg Sveinsdóttir, forseti DKG, kom á fund sem haldinn var í Hannesarholti. Sigrún Jóhannesdóttir okkar hélt framhaldsnámskeið um leiðarstjórnuna.

Marsfundurinn var haldinn í Hvalfjarðarsveitinni, við heimsóttum Heiðarskóla og funduðum á Laxárbakka. Við fengum góða gesti á fundinn, konur úr Kappadeild. Þetta var skemmtileg samverustund með þeim.

Síðasta fund vetrarins áætluð við að halda í Dölunum og heimsækja Byggðasafnið þar. Nokkrar konur munu sækja landssambandsþingið í maí 2015.

Tvær félagskonur áttu stórafmæli á starfsárinu, Soffía Sigurjónsdóttir varð sjötug í október 2014 og Inga Stefánsdóttir varð sextug í febrúar 2015.

Fundir Deltadeildar eru jafnan fimm á vetri. Fastir punktar á fundum: Kveikt er á kertunum við fundarsetningu. Við fáum erindi, ýmist förum við í heimsókn, fáum gesti eða ein af okkur flytur erindi. Orð til umhugsunar / mér er efst í huga er flutt. Við syngjum og borðum saman.

*Theodóra Þorsteinsdóttir,  
formaður*





## Epsilon

Fyrsti fundur vetrarins var vettvangsferð að Þingvöllum. Við hittumst við Þjónustumiðstöðina og skoðuðum þar meðal annars fallega minjagripaverslun. Veðrið var fallett, en talsverður vindur. Við gengum niður Almannagjá, en þar hafa aðstæður og umhverfi breyst mjög mikið eftir síðasta jarðskjálfta. Stórar sprungur hafa myndast og komið í ljós undir gjánni sjálfri. Margar okkar höfðu ekki komið að Þingvöllum síðan fyrir skjálfta. Þegar við vorum búnar að ganga nægju okkar ókum við að Grímsborgum sem er nýtt og sérstaklega fallett hótél í Grímsnesinu og þar borðuðum við saman léttu máltíð og spjölluum.



Annar fundur vetrarins var haldinn í Grunnskólanum í Hveragerði 20. nóvember. Gestur fundarins var Guðrún Tryggvadóttir. Guðrún er myndlistarkona og mikil áhugamanneskja um íslenska náttúru. Hún hefur m.a. hannað og heldur úti vef sem nefnist [natura.is](http://natura.is), en fyrir þann vef fengu hún og eiginmaður hennar umhverfisverðlaun 2012. Líf Guðrúnar hefur verið einstaklega viðburðaríkt og við fundarkonur hlustuðum andaktugar á erindi hennar sem var mjög athyglisvert og einlægt. Hún bjó um skeið erlendis og stundaði nám við virta listaháskóla í Þýskalandi og vann til verðlauna fyrir list sína. Guðrún hefur verið búsett í Ölfusi undanfarin ár en hefur nú flutt að Alviðru í Grafningi. Eftir fundinn snæddum við saman á Frosti og Funa

Jólabókafundurinn var haldinn að Hótel Heklu í febrúar. Fundarkonur sögðu frá þeim bókum sem þær lásu um jólin og sögðu okkur hinum frá þeim sem þeim þóttu athyglisverðastar.

„... Gestur fundarins var Guðrún Tryggvadóttir. Guðrún er myndlistarkona og mikil áhugamanneskja um íslenska náttúru. Hún hefur m.a. hannað og heldur úti vef sem nefnist [natura.is](http://natura.is), en fyrir þann vef fengu hún og eiginmaður hennar umhverfisverðlaun 2012...“

Fjórði fundur vetrarins var haldinn í Meitlinum, sem er veitingastaður í Þorlákshöfn og ein okkar rekur ásamt eiginmanni sínum. Gestur fundarins var Guðrún Eva Mínervudóttir skáldkona, sem nýflutt er í Hveragerði og er afskaplega ánægð með bæinn og bæjarbúa. Guðrún Eva sagði okkur frá lífi sínu og starfi, m.a. nýútkominni bók sinni *Englaryk* og bókinni sem nú er í smíðum. Alltaf gaman að heyra af því sem við eigum í vændum. Fundurinn var í samræðuformi sem tókst sérstaklega vel. Guðbjörg Sveinsdóttir forseti DKG kom og var með



okkur á fundinum. Guðbjörg sagði okkur frá starfi samtakanna í vetur og hvatti konur til að fjölmenna á landsfundinn, sem haldinn verður í maí.

Síðasti fundur vetrarins verður haldinn í Hveragerði í lok maí. Þá er stefnt að því að fá stuttan fyrirlestur um gjörhygli og snæða svo saman á NLFÍ.

*Erna S. Ingvarsdóttir,  
formaður*

### Epsilon

Epsilondeild var stofnuð í apríl 1989. Í henni eru konur frá Suðurlandi.

## Eta

„... Að þessu sinni var fundarefni Líf og leyndarmál formæðra okkar. Lítið hefur farið fyrir ömmum í rituðum heimildum og þar með glatast mikil saga. Nú sögðu Etakonur sögur af óblíðum örlögum, leyndarmálum, tabúum, ömmum sem fóru troðnar og ótroðnar slóðir, ömmunni allt um vefjandi svo eitthvað sé nefnt. ...“



### Eta

Etadeild var stofnuð þann 6. júní 1997. Í henni eru konur frá Reykjavík og nágrenni.

Etadeild heldur að jafnaði sex fundi á ári, tvo fundi í umsjá stjórnarkvenna og fjóra í umsjá valinna hópa félagskvenna. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel, aukið innbyrðis kynni og virkjað konur til þátttöku.

Veturinn 2013 – 2014 voru samfélagsmál í brennidepli. Við fengum Salvöru Nordal í heimsókn, sem sagði okkur frá siðfræðikafla *Rannsóknarskýrslu Alþingis* ásamt ýmsu áhugaverðu um stjórnarskrármálið. Í Norðlingaskóla, þar sem Etakonan Sif Vígbórsdóttir heldur á málum, sagði Ragnar Þór Pétursson kennari frá nýstárlegum kennsluháttum, sem þar eru iðkaðir m.a. vendikennslu (e. flipped classroom). Á jólafundi hefur skapast sú hefð að fá í heimsókn rithöfund með kynningu á eigin bók og að þessu sinni kom sagnfræðingurinn og rithöfundurinn Þórunn Erlu- og Valdemarsdóttir og las úr bók sinni *Stúlka með maga*. Á fjórða fundi vetrarins ræddi Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri um auðlindir Íslands og álitamál í umhverfispólitík. Á fimmta fundi kynntu Etakonurnar Jóhanna T. Einarsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir, talmeinafræðingar, niðurstöður rannsóknar um forspárgildi hljóðkerfis- og hljóðvitundar og almenns málproska uvarðandiáhættu á lestrarörðugleikum síðar á ævinni. Á vorfundi voru hefðbundin aðalfundarstörf. Gestur var Guðbjörg Sveinsdóttir, forseti landssambands DKG, sem ræddi m.a. um starf deilda og hvatti konur til dáða á vettvangi samtakanna s.s. að sækja um sæti í alþjóðanefndum, birta greinar eða hugleiðingar á heimasíðu DKG. Á þessum fundi urðu stjórnarskipti og Auður Torfadóttir lauk fjögurra ára farsælli formennsku. Núverandi stjórn skipa Bryndís Guðmundsdóttir formaður, Stefánía Valdís Stefánsdóttir varaformaður, Magnea Ingólfsdóttir ritari, Anna Sigríður Pétursdóttir gjaldkeri og Kristín Helga Guðmundsdóttir meðstjórnandi.

Vetrarstarf 2014 – 2015 hófst á laugardagsmorgni 4. október með hressingargöngu við sjávarsíðu Sjálandhverfis. Meginefni fyrsta fundar, sem haldinn var á heimili Önnu Sigríðar, voru áherslur vetrarstarfsins. Samhljómur var með fundarkonum og hugmyndum stjórnar um að beina sjónum áfram að þjóðmálum og fá til okkar fyrirlesara sem varpað gætu ljósi á stöðuna í samfélaginu, stuðlað að nýrri hugsun, jákvæðni og sátt. Orð til umhugsunar voru hugleiðingar BG frá pílagrímagöngu, þar sem leiðarstefin voru m.a. áskorun, þakklæti, innri friður og sátt. Annar fundur vetrarins var 3. nóvember í Kennslumiðstöð HÍ, þar sem Etakonan Guðrún Geirsdóttir stýrir málum. Guðrún kynnti starfsemi miðstöðvarinnar, sem varð til í kjölfar umræðu og samvinnu áhugasamra starfsmanna, sem höfðu trú á að hægt væri að styðja betur við kennsluhætti og koma til móts við þarfir kennara og nemenda. Gestur fundarins var Sigurbjörg



Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur, sem fræddi okkur um heilbrigðiskerfið, aðdraganda sameiningar sjúkrahúsa, stefnu í heilbrigðismálum sem fremur einkenndist af lausn vandamála og skyndiákvörðunum en stefnumörkun.

Jólafundur, sameiginlegur með Kappadeild, var haldinn 1. desember í Hannesarholti, þar sem Etakonan Ragnheiður Jóna Jónsdóttir er húsráðandi. Gestur fundarins var að þessu sinni rithöfundurinn Kristín Steinsdóttir sem sagði okkur frá og las úr nýrri bók sinni, *Vonarlandinu*. Valgerður Magnúsdóttir vakti okkur til umhugsunar um mikilvægi þess að láta ekki sogast inn í stress og vanlíðan vegna áreitis í aðdraganda jóla og leita leiða til að vera til staðar og njóta augnabliksins. Fjórdi fundur var haldinn 4. febrúar í Fjölbautaskólanum í Breiðholti, þar sem okkar kona Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir heldur um stjórnvölinn. Orð til umhugsunar flutti Margrét Friðriksdóttir og gerði að umtalsefni og las úr ljóðabók Þórdísar Gísladóttur, *Velúr*, þar sem er að finna ljóð og örsögur um konur. Gestur fundarins var Auður Styrkársdóttir forstöðukona Kvennasögusafns Íslands og fjallaði hún um 100 ára kosningarétt kvenna á Íslandi. Auður upplýsti okkur um Kvennasögusafnið, sem Anna Sigurðardóttir stofnaði árið 1975, ræddi aðdraganda þess að konur fengu kosningarétt árið 1915, þróun næstu árin á eftir og stöðu nágrannabjóða í þessum efnun fyrir u.þ.b. einni öld. Einnig vakti Auður athygli á ýmsum atburðum í tilefni afmælisins. Fimmti fundur var haldinn 19. mars í Laugarnesskóla, þar sem Etakonan Sigríður Heiða Bragadóttir er skólastjóri. Hún sagði frá starfsemi skólans og þeim fjölmörgu hefðum sem skapast hafa, einkum langri og merkilegri sönghefð. Ingibjörg Möller flutti okkur orð til umhugsunar. Hún sagði frá síldarárunum á Siglufirði og uppvaxtarárum sínum þar, lýsti á lifandi hátt þeim áhrifum sem umhverfi síldarvinnslunnar hafði á fólkið og lífið í bænum og minntist þessa tíma með mikilli hlýju. Ingibjörg lauk máli sínu með því að lesa ljóð eftir Siglfirðinginn Ólaf Ragnarsson. Að þessu sinni var fundarefni Líf og leyndarmál formæðra



okkar. Lítið hefur farið fyrir ömmum í rituðum heimildum og þar með glatast mikil saga. Nú sögðu Etakonur sögur af óblíðum örlögum, leyndarmálum, tabúum, ömmum sem fóru troðnar og ótroðnar slóðir, ömmunni allt um vefjandi svo eitthvað sé nefnt. Mæltist þetta vel fyrir og urðu miklar og fjörugar umræður.

Síðasti fundur vetrarins var haldinn 28. apríl. Hulda Þórisdóttir, doktor í félagslegri sálfræði og kennari við Háskóla Íslands, var gestur fundarins og fjallaði um umræðuhefðina í samfélaginu.

Á þessu tveggja ára tímabili hafa verið teknar inn fjórar konur, þær Björg Kristjánsdóttir náms- og starfsráðgjafi, Ingibjörg Möller sérkennari og fv. aðstoðarskólastjóri, Sigríður Heiða Bragadóttir skólastjóri og Auður Ögmundsdóttir kennari. Við stefnum að enn frekari nýliðun í Etadeild, fræðandi fundum og gefandi samveru sem eflir persónulegan og faglegan þroska félagskvenna.

*Bryndís Guðmundsdóttir,  
formaður*

## Gamma

„... Að baki lágu miklar breytingar sem áttu sér stað í íslensku menntakerfi á tímabilinu frá 1966 og fram undir 1980. Ný grunnskólalög, sett fyrir 40 árum, árið 1974, breyttu sviðinu varanlega, gagnfræðaskólar hurfu en aðrar námsleiðir urðu til. Aldargamlir skólar eins og Kvennaskólinn í Reykjavík og Flensborgarskólinn fengu nýtt hlutverk og nýir skólar voru stofnaðir um allt land...“

### Vissir þú...

... að á þessari slóð getur þú nálgast lista yfir vefsíður sem geta nýst þér í starfi sem kennari?

<https://www.dkg.org/sites/default/files/files-for-download/DKG%20Recommended%20Websites%20and%20Apps%20for%20Educators.2.pdf>

### Gamma

Gammadeild var stofnuð þann 5. júní 1977. Í henni eru konur frá Reykjavík og nágrenni.

Stjórn Gammadeildar valdi að beina athygli á starfsárinu 2014–2015 að konum sem hafa sýnt frumkvæði og tekist á hendur leiðtogahlutverk. Að baki lágu miklar breytingar sem áttu sér stað í íslensku menntakerfi á tímabilinu frá 1966 og fram undir 1980. Ný grunnskólalög, sett fyrir 40 árum, árið 1974, breyttu sviðinu varanlega, gagnfræðaskólar hurfu en aðrar námsleiðir urðu til. Aldargamlir skólar eins og Kvennaskólinn í Reykjavík og Flensborgarskólinn fengu nýtt hlutverk og nýir skólar voru stofnaðir um allt land. Upp úr þessum jarðvegi óx glæsilegt fólk, ekki síst konur, sem hafa tekið að sér forystu á mörgum sviðum. Okkur langaði til að kynna þeim.

Miðvikudaginn 24. september, kl. 17.30–20.00 tók Harpa Þórsdóttir á móti Gammakonum í Hönnunarsafninu í Garðabæ. Hún sagði frá námi sínu og Hönnunarsafninu og veitti leiðsögn um sýninguna Ertu tilbúin, frú forseti? Á eftir var súpa, brauð og kaffi í safnaðarheimili Garðasóknar.

Mánudaginn 13. október kl. 19.30–22.00 tók Ingibjörg Guðmundsdóttir, skólameistari Kvennaskólans, á móti hópnum í gamla skólahúsinu við Fríkirkjuveg. Ingibjörg stýrði innleiðingu nýrrar námskrár fyrir framhaldsskóla og sagði Gammakonum frá því. Hún leiddi gesti sína líka um skólann og greindi frá sögu hans. Helga Thorlacius flutti orð til umhugsunar.

Þriðjudaginn 11. nóvember kl. 17.30–19.00 tók Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri Vátryggingarfélags Íslands, á móti Gammakonum í húsakynnum VÍS í Ármúla 3. Sigrún kynnti fyrirtækið sem hún er í forystu fyrir og starfsemi þess. Hún sagði einnig frá sjálfri sér, menntun og reynslu, sem stuðluðu að því að hún tókst þetta starf á hendur.

Jólafundurinn var haldinn mánudaginn 15. desember kl. 19.30–22.30 á heimili Bjarkar Einisdóttur, Grenibyggð 22 í Mosfellsbæ. Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur kom í heimsókn og las upp úr nýjustu bók sinni, DNA. Hún sagði einnig frá rithöfundarferli sínum sem hófst með ritun barnabóka og las hún kafla úr einni þeirra. Móðir Yrsu, Kristín Halla Jónsdóttir, fyrrum gjaldkeri landssambandsins, sat einnig fundinn. Ingibjörg Einarsdóttir flutti orð til umhugsunar.

Fyrsti fundur vorannar var haldinn mánudaginn 19. janúar kl. 17.30–20.00. Gammakonur heimsóttu Aðalheiði Héðinsdóttur í Kruðirri Kaffitárs að Nýbýlavegi 12 í Kópavogi. Aðalheiður sagði frá sjálfri sér og fyrirtækinu sem hún hefur byggt upp en hún er menntaður leikskólakennari. Gerður Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir lektor kynntu bókina *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Báðar eru í hópi höfunda og Gerður er ritstjóri.





### *Enn er tími*

*Hvað bíður ykkar,  
bláu augu, er brosa við sólu?*

*Hvað bíður ykkar,  
barnsaugu, björt og full af trausti?*

*Hvað bíður ykkar?  
hel og hörmung hungur og kvöl?*

*Væri þá betra blindur að fæðast,  
og líta aldrei ljós heimsins?*

*Fyrst skuggi heljar  
hangir yfir hugstola jörð“*

*Fyrst káldar hendur  
hrífsa vilja lífsblóm allra lýða“*

*Víki heljarnótt og hungurvofur“  
Víki vargöld og vondu mögn“*

*Aldrei skulu frjósa hin fegurstu blóm“  
Aldrei skulu barnsaugu brostin stara“*

*Sjá, enn er tími að tengjast höndum  
og verja vorblóm ung“  
Enn er tími ef allir vilja  
einhuga standa og aldrei víkja“*

*Elísabet Geirmundsóttir, 1950*

Fundarkonur borðuðu saman súpu, brauð og fleira góðgæti.

Miðvikudaginn 18. febrúar kl. 19.30–22.00 fræddi Ólafur Proppé konurnar um menntunarhlutverk skátahreyingarinnar í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Skátahreyingin er aldargömul hreyfing sem er í sífelldri viðleitni að laga sig að straumum tímans og höfða til ungmenna. Stjórnin bakaði vöflur á staðnum. Bryndís Steinþórsdóttir flutti orð til umhugsunar.

Fimmtudaginn 19. mars kl. 17.30–20.00 kynnti Soffía Sveinsdóttir Gammasystir IB-námið, International Baccalaureate, í Menntaskólanum við Hamrahlíð, sjá <http://www.mh.is/ib>. Skólinn bauð upp á smurt brauð og kaffi. Kristín Jónsdóttir flutti orð til umhugsunar.

Á vorfundinum 27. maí er ætlunin að heimsækja Ullarselið á Hvanneyri og enda svo með samveru í bústaði formanns í landi Arnarholts í fyrrum Stafholtstungum.

*Kristín Bjarnadóttir,  
formaður*



*Ljósmynd: Guðný S. Ólafsdóttir, Mydeild.*

## Lambda

„... AlmaDís sá um orð til umhugsunar og var yfirskriftin „Byrjandi enn á ný“. Á lífsleiðinni stöndum við oft á tímamótum og erum byrjendur á svo mörgum sviðum...“

### Lambda

Lambdadeild var stofnuð þann 28. október 2010 í Reykjavík.

Lambdadeild hefur haldið fimm fundi veturinn 2014-2015 og er stefnt á að halda tvo til viðbótar á starfsárinu. Skráðar voru 27 konur í deildina í upphafi hausts en tvær konur óskuðu fljótlega eftir leyfi. Tvær aðrar konur hafa ekki getað mætt á fundi í vetur. Því hafa um 23 konur verið virkar í vetur, þ.e. mætt reglulega á fundi. Að jafnaði hafa um 14 til 16 konur mætt á hvern fund og ljóst er að það er nokkur áskorun að halda góðri mætingu.

Stjórn skipa: Kolbrún Þ. Pálsdóttir, formaður, AlmaDís Kristinsdóttir, varaformaður, Linda Brá Árnadóttir, ritari og Guðrún Þóra Friðriksdóttir, meðstjórnandi. Gjaldkeri er Valgerður Janusdóttir.

Ekki var ákveðið eitt þema fyrir þennan vetur, en lagt upp með að nýta mannauðinn í DKG samtökunum sem og innan Lambda og fá ólíkar kynningar inn á fundi. Lambdasystur er skipt í hópa sem hver ber ábyrgð á að undirbúa einn fund. Það fyrirkomulag hefur gefist ákaflega vel og kynnast konur betur þar sem þær hafa þá sameiginleg verkefni.

Þann 11. september 2014 var fyrsti fundur vetrarins haldinn í Skipholti 37, í húsnæði Menntavísindasviðs. Nýkjörinn formaður Lambdadeildarinnar, Kolbrún Pálsdóttir, setti fundinn og kveikti á



kerti trúmennsku, vináttu og hjálpssemi sem eru einkunnarorð samtakanna. AlmaDís sá um orð til umhugsunar og var yfirskriftin „Byrjandi enn á ný“. Á lífsleiðinni stöndum við oft á tímamótum og erum byrjendur á svo mörgum sviðum. AlmaDís leiddi okkur á opinskáan og skemmtilegan hátt í gegnum náms- og starfsferil sinn, líf og brennandi áhuga sinn á safnfræðslu og þau afrek sem hún hefur náð á ferli sínum. AlmaDís sótti um styrk til doktorsnáms hjá Alþjóðasamtökum DKG og fékk hann og í dag er hún hálfnuð með doktorsnám sitt í safnfræðslu.



Miðvikudaginn 15. október 2014 var annar fundur Lambdadeildarinnar haldinn í Kársnesskóla í Kópavogi. Ása Björk sá um orð til umhugsunar og las upp úr bókinni *Í dag*. Meðal annars las hún texta eftir móður sína. Afar falleg orð til umhugsunar um lífið og tilveruna. Því næst hélt Björg Eiríksdóttir, kennari í Kársnesskóla, fyrirlestur um söguaðferðina á afar fróðlegan og skemmtilegan hátt. Ef þið hafið áhuga á að kynna ykkur frekar söguaðferðina, þá getið þið lesið nánar um hana á heimasíðu Kársnesskóla: <http://frontpage.simnet.is/storyline/>



Alfaveild bauð okkur Lambdasystur að mæta á fund með menntamálaráðherra þar sem fram fór kynning á hvítbók ráðherra um menntamál. Mjög áhugaverður fundur þar sem gafst kostur á fyrirspurnum og umræðu. Fjórar Lambdasystur mættu á fundinn sem var haldinn í húsnæði Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni.

Þann 26. nóvember var jólafundur Lambda-deildarinnar haldinn í gamla Kennaraskólanum, Kennarahúsinu við Laufásveg, þar sem Kennarasamband Íslands er með starfsemi sína.

AlmaDís sá um orð til umhugsunar. Hún fékk okkur til að hugleiða og skrifa niður nokkur orð um mikilvægi jólanna, siði og venjur sem skapast hafa í kringum jólahaldið hjá okkur. Við deildum síðan þessari upplifun með hverri annarri og var það afar skemmtilegt.

Eftir að hafa gætt okkur á jólakonfektum, kökum og öðru góðgæti tók Borghildur Sverrisdóttir sálfræðingur til máls en hún var gestur okkar og kynnti nýútgefna bók sína, *Hamingjan eflir heilsuna*, sem fjallar um ýmsa þætti jákvæðrar sálfræði og hvaða jákvæðu áhrif leiðir hennar geta haft á líf okkar, svo sem andlega og líkamlega heilsu.

Mánudaginn 19. janúar var fyrsti fundur ársins haldinn í leikskólanum Hlíðarbergi. Að þessu sinni sá Birna um orð til umhugsunar; hjartnæma og fallega hugleiðingu. Leikskólustjóri Hlíðarbergs, Ólafía Guðmundsdóttir, sagði okkur frá starfsemi skólans. Hann er fimm deilda og í honum geta dvalið 106 börn samtímis. Leikskólinn hefur starfað eftir SMT-skólafærni í nokkur ár. Markmið SMT-skólafærni er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks.

Gestur fundarins að þessu sinni var Sigrún Klara Hannesdóttir, einn af stofnfélögum DKG á

Íslandi. Erindi hennar fjallaði í stórum dráttum um samtökin Delta Kappa Gamma, skipulag samtakanna og hvað þau hafa síðustu fjörutíu árin gefið henni, bæði sem þátttakanda innan lands og í alþjóðasamstarfi DKG. Sigrún fjallaði um hvað íslenskar menntakonur geta fengið út úr samtökunum, mikilvægi persónulegra kynna við konur á ýmsum stigum menntakerfisins, mikilvægi tengslanetsins, þekkingaröflunar og leiðtogaþjálfunar samtakanna og alþjóðatengsl. Hún fjallaði einnig um styrki sem standa konum til boða, sem eru bæði námsstyrkir og ferðastyrkir. Sigrún er búin að vera í samtökunum frá stofnun þeirra 7. nóvember 1975 og var þetta því afar fróðlegur fyrirlestur.

Fundur haldinn 24. febrúar 2015 kl. 18-20. Fundurinn var haldinn í Múkka, vinnustofunni hennar Aðalheiðar í Fornubúðum 8 Hafnarfirði. Boðið var upp á dýrindis fiskisúpu. Við fengum tvo góða gesti, Bryndísi Björgvinsdóttur sem fékk Fjöruverðlaunin og Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir bók sína *Hafnarfjarðarbrandarinn* en hún kynnti bókina fyrir okkur og Óskar H. Nielsson verkefnastjóra hjá Námsmatsstofnun sem ræddi um PISA könnunina margumræddu og svipti af henni leyndarhulunni. Spunnust góðar umræður um mikilvægi slíkra rannsókna, kosti þeirra og takmarkanir, sem og um stöðu menntavísinda almennt.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir,  
formaður

## Mý

„... Á vormánuðum ákvað stjórnin að vera ekki með eiginlegt þema, heldur leggja áherslu á gæðastundir. Gefa innbyrðis tengslum tækifæri til að eflast og styrkjast ...“



Síðasta starfsári lauk með inntöku þriggja nýrra systra á aðalfundi deildarinnar sem haldinn var í Svarfaðardalnum. Þær eru Ólög Inga Andrésdóttir, Sigríður Víkingsdóttir og María Aðalsteinsdóttir. Á fundinum tók jafnframt við ný stjórn. Í henni sitja Ingibjörg Magnúsdóttir formaður, Dagbjört Ásgeirsdóttir varaformaður, Bryndís Björnsdóttir ritari og Ragnheiður Júlíusdóttir meðstjórnandi. Með stjórninni hefur í vetur starfað fráfarandi formaðurinn okkar hún Jenný Gunnbjörnsdóttir.

Stjórnin ákvað á fyrsta fundi sínum að ljúka umfjöllun um grunnþætti menntunnar á haustmánuðum en við áttum eftir að ræða sérstaklega **ljóðræði og mannréttindi og jafnrétti**.

Deildin fundaði þrisvar á haustmánuðum. Fundirnir voru fjölbreyttir og var þeim stjórnað af undirbúningshópum sem myndaðir voru á fyrsta fundi ársins og höfðu hóparnir nokkuð frjálssar hendur með efnistöð.

Í desember var fundurinn haldinn sameiginlega með Betadeild eins og hefð hefur skapast fyrir. Fundurinn var haldinn í Hrafnagili og var hann vel sóttur. Undirbúningur fundarins var í höndum stjórna beggja deildanna.

Á vormánuðum ákvað stjórnin að vera ekki með eiginlegt þema, heldur leggja áherslu á gæðastundir. Gefa innbyrðis tengslum tækifæri til að eflast og styrkjast og að leita frekar til kvenna innan deildar til að vera með innlegg. Stjórnin lagði áherslu á að reynt yrði að gera fundaraðstöðuna sem fyrir valinu yrði hverju sinni sem notalegasta og passað að uppröðun á fundunum hvetji til samræðna og samheldni innan hópsins. Áætlaðir voru fjórir fundir á vormánuðum og eigum við eftir síðasta fund vetrarins þegar þetta er skrifað. Undirbúningur fundanna var með sama formi og hefur verið, það er í höndum undirbúningshóps sem hefur veg og vanda af hverjum fundi.

Konur í Mýdeild eru duglegar að afla sér frekari menntunar og að láta til sín taka í samfélaginu. Höfum við á þessu starfsári eignast einn doktor og einn meistara í okkar röðum og einn meistari bætist í hópinn í vor.



- Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir varði doktorsritgerð sína, *Forysta og teymisvinna í nýjum skóla: Þróun lærdómssamfélags*, við Uppeldis- og menntunarfræðideild Háskóla Íslands.
- Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir lauk MA í menntavísindum frá HA í júní 2014 Meistaraverkefnið hennar fjallar um ættleidd börn og þjónustubörf þeirra við upphaf skólagöngu.
- Guðný Sigríður Ólafsdóttir stefnir á að ljúka M.ed. gráðu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands í júní 2015. Meistaraverkefnið hennar er rafróbók til að nota við læsiskennslu, og greinargerð. Að auki eru nokkrar konur á endasprenntinum í sínu meistaranámi.
- Ragnheiður Björk Þórsdóttir var valinn bæjarlistarmaður Akureyrar árið 2014.
- Birna Guðrún Baldursdóttir fékk Múrbrjótinn 2014 sem veittur er af Landssamtökunum Þroskahjálp, fyrir að starfrækja klúbb fyrir ungmenni á einhverfurófi á Akureyri.

Deildin er stolt af sínum konum sem allar eru að gera góða hluti hver á sínu sviði og horfum við björtum augum til komandi starfsárs.

*Ingibjörg Magnúsdóttir,  
formaður*

### Mý

Mýdeild er yngsta deildin innan Delta Kappa Gamma á Íslandi. Hún var stofnuð þann 26. apríl 2011. Í Mý eru konur frá Akureyri og nágrenni.



Ljósmynd: Guðný S. Ólafsdóttir, Mýdeild.

## Zeta



Starf Zdeildar hefur í vetur einkennst af fjölbreyttum viðfangsefnum. Áhersla hefur verið á auknar umræður meðal félagskvenna og virkni á fundum. Að sjálfsögðu eru allar hefðir í heiðri hafðar en reynt er að skapa svigrúm til umræðna á hverjum fundi.

Á vetrardagskránni voru sex fundir en aflýsa þurfti einum fundi vegna veðurs og færðar. Tekið er fundarhlé í svartasta skammdeginu, frá byrjun desember fram í síðari hluta febrúar. Verðurfar hefur verið sæmilegt í vetur en nokkuð mikil úrkoma síðari hluta vetrar sem gerir ferðalög um hina mörgu fjallvegi innan fjórðungsins erfiðari.



Meðal þess sem kynnt hefur verið í vetur er uppbygging Fab Lab smiðju í tengslum við Verkmenntaskóla Austurlands á Neskaupstað, sýning á Héraðsskjalasafni Austfirðinga um austfirsku kvenljósmyndara 1870-1944, nám og starf í heilsumarkþjálfun og sjálfstyrkingarnámskeið fyrir unglunga. Í mars var sú nýbreytni að haldinn var bókafundur þar sem hver og ein félagskona sagði frá tveimur eftirminnilegum bókum. Þrír fundir hafa verið haldnir á opinberum kaffihúsum eða hótelum en jólafundurinn var í heimahúsi hjá formanni deildarinnar. Óvíst er enn hvar vorfundur deildarinnar verður.

Félagskonur hafa tekið fésbókina í sína þjónustu og eru þar með virkan hóp. Gott getur verið að geta dreift upplýsingum með litlum fyrirvara í tengslum við færð og ferðir á fundi.

Sigríður Herdís Pálsdóttir,  
formaður

„... Félagskonur hafa tekið fésbókina í sína þjónustu og eru þar með virkan hóp. Gott getur verið að geta dreift upplýsingum með litlum fyrirvara í tengslum við færð og ferðir á fundi ...“

### Zeta

Zetadeild starfar á Austurlandi og koma félagskonur frá Fljótsdalshéraði og neðan af fjórðum.



## Laganefnd

### Verkefni nefndarinnar:

„Hlutverk nefndarinnar er m.a. að endurskoða lög og reglugerð landssambandsins í ljósi breytinga sem gerðar eru á lögum alþjóðasamtakanna og gætir þess að laga- og reglugerðarbreytingar brjóti ekki í bága við lög alþjóðasamtakanna og hefur eftirlit með að samræmi sé milli laga, reglugerðar og handbókar.“

### „Síðasta ljóð“

*Alltaf lifnar allt á vorin  
ekki er taugin sundur skörin  
sem að tengir líf við líf.  
Þó að blási biturt móti  
birtist þér á köldu grjóti  
undur lífsins: Hjálp og hlíf.*

*Elisabet Geirmundsóttir  
Þetta er síðasta erindið af fimm í  
kvaði sem fannst á borði Elísabetar  
að henni látinni*

Forseti landssambandsins skipar þrjár félagskonur í laganefnd til tveggja ára að fenginni tillögu framkvæmdaráðs, þar af eina sem formann. Lögsögumaður landssambandsins er ráðgefandi fyrir nefndina og starfar með henni að túlkun á lögum alþjóðasamtakanna.

Hlutverk nefndarinnar er m.a. að endurskoða lög og reglugerð landssambandsins í ljósi breytinga sem gerðar eru á lögum alþjóðasamtakanna og gætir þess að laga- og reglugerðarbreytingar brjóti ekki í bága við lög alþjóðasamtakanna og hefur eftirlit með að samræmi sé milli laga, reglugerðar og handbókar.

Laganefnd 2013-2015 skipuðu: Hulda Björk Þorkeldsdóttir, formaður, Þetadeild, Halldóra Jónsdóttir, Deltadeild og Steinunn Guðmundsdóttir, lotadeild.

Laganefndir 2009-2010 og 2011-2013 stóðu að ítarlegri endurskoðun laga og reglugerðar samtakanna, því bíða ekki stór verkefni núverandi nefndar. Engin mál bárust laganefnd á kjörtímabilinu utan tveggja atriða um lagabreytingar sem bornar verða undir landssambandsþingið í vor. Annað atriðið er breyting frá alþjóðasamtökunum og hitt atriðið er nauðsynleg viðbót til samræmis lagagreina.

Nefndin hélt engan formlegan fund á tímabilinu en afgreiddi umrædd mál í tölvusamskiptum. Formaður átti einn vinnufund með forseta samtakanna og lögsögumanni.

*Hulda Björk Þorkeldsdóttir,  
formaður*

### Nánari upplýsingar:

[dkg.muna.is/is/page/laganefnd](http://dkg.muna.is/is/page/laganefnd)

## Constitution Committee

Auður Torfadóttir  
Eta



### Verkefni nefndarinnar:

„Aðalviðfangsefni nefndarinnar er að taka við breytingatillögum á lögum og reglugerðum alþjóðasambandsins, taka afstöðu og senda áfram til stjórnar.“

### Heimasíða:

[www.dkg.org/category/committee/constitution](http://www.dkg.org/category/committee/constitution)

Fyrsti fundur var haldinn í Austin 23.-24. október 2014. Tveir símafundir hafa verið haldnir síðan, 15. janúar og 23. mars 2015. Næst verður fundað í október 2015.

Aðalviðfangsefni nefndarinnar er að taka við breytingatillögum á lögum og reglugerðum alþjóðasambandsins, taka afstöðu og senda áfram til stjórnar. Ennfremur er það hlutverk nefndarinnar að taka við breytingum sem samþykktar hafa verið á alþjóðþingum á lögum og reglugerðum og koma þeim í birtingarform. Einnig þarf að huga að því að handbókin, Go-to-guide sé í samræmi við allar breytingar. Nefndin á einnig að fara yfir lög landssambanda og sjá til þess að eyðublöð og tékklistar sem falla undir nefndina séu í lagi. Þá er ótalið hlutverk nefndarinnar eins og annarra alþjóðanefnda að standa fyrir vinnustofum á svæðþingum. Það er gert ráð fyrir að þær fylgi allar sömu línu, sami titill, sama inntak, en ég fékk leyfi til að fjalla um það sem ég tel að snerti Evrópusvæðið meira. Það er ákveðin tilhneiging til miðstýringar af hálfu alþjóðasamtakanna og það er ekki beinlínis til þess að styrkja Evrópusvæðið sem mér sýnist heldur veikt þegar á heildina er litið.

Starfið í þessari nefnd hefur verið lærdómsríkt og skemmtilegt en flókið á köflum og margt sem krefst mikillar yfirlegu og nákvæmni. Bandarísku konurnar eru mjög vel inni í því sem snýr að lagabókstafnum og hefðunum. Ég er að læra og hef verið að spyrja út í ýmislegt og reyna að benda á hluti sem þær hafa kannski ekki hugsað út í. Starfið virkar mjög Ameríkumiðað og hugsunin oft önnur en hinum megin við hafið.

Þó að það komi ekki beint þessu nefndarstarfi við, langar mig í





### Alþjóðlegar nefndir 2014 - 2016

Við Íslendingar búum svo vel að eiga fulltrúa í átta alþjóðanefndum og sitjum við þar sem fulltrúar Evrópusvæðisins innan DKG.

#### Constitution

Auður Torfadóttir, Eta

#### Education Award

Dagbjört Ásgeirsdóttir, Mý

#### Educational Excellence

Guðný Helgadóttir, Gamma

#### Evrópu Forum

Kristrún Ísaksdóttir, Gamma

#### Membership

Ingibjörg Jónasdóttir, Gamma  
formaður

#### Nominations

Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Alfa

#### Scholarship

Sigríður Sigurðardóttir, Alfa

#### World Fellowship

Eygló Björnsdóttir, Beta

Þessu samhengi að benda á breytingartillögu á lögum sem kom frá Íslandi og var samþykkt á alþjóðþinginu 2014. Þannig er mál með vexti að á þinginu í Amsterdam 2013 var vinnustofa undir handleiðslu Kate York frá Englandi. Þarna voru margar konur mættar. Verkefnið var að ræða í hópum m.a. hvernig við sem almennir félagar vildum hafa svæðaráðstefnur. Það komu fram ákveðnar skoðanir á því að það ætti að draga úr vinnustofum sem snerust um málefni alþjóðasamtakanna en leggja meiri áherslu á menntamálin. Eftir þingið hafði ég samband við Sigrúnu Klöru og Guðnýju Helgadóttur og við settumst niður og sömdum breytingartillögu sem síðan var send í nafni landssambandsins okkar. Svona hljómar hún, en áður kom áherslan á *Society activities* á undan *educational workshops*:

Regional conferences are held to provide educational workshops and leadership training and to disseminate information regarding Society activities. Sessions may be conducted electronically or by the regional representative of the related committee.

Okkar rök voru þessi:

With modern technology and the comprehensive Society website, it has become easier to disseminate information regarding Society activities. With less emphasis on Society matters more time could be devoted to the purpose of rendering better service to the membership (cf. Constitution Article V, Section D 7) in the form of professional activities and opportunities for networking and exchange of experiences. The Europe region comprises many

countries with different languages. However, they have a lot in common and a lot to learn from each other. By emphasizing this aspect there would hopefully be greater attendance at regional conferences and that in itself would strengthen the region and consequently strengthen the Society.

Þessi breyting hefur ekki komist til skila eftir dagskránni í Svíþjóð að dæma.



Ljósmynd: Guðný S. Ólafsdóttir, Mýdeild.

## Education Award's Committee

Dagbjört Ásgeirsdóttir  
Mý



Lyktin var yndisleg þegar ég steig út úr leigubílnum fyrir framan höfuðstöðvar Delta Kappa Gamma í Austin. Þetta eru hinar umtöluðu Headquarters, hugsaði ég um leið og ég dró heitu útländalyktina djúpt að mér. Ferðalagið var langt og strangt. Ég fór frá Dalvík á þriðjudegi, þorði ekki öðru vegna allra lægðanna sem renndu sér yfir landið okkar nú í vor, flaug út á fimmtudegi, gisti í New York um nóttina og flaug svo niður til Austin á föstudegi, daginn sem fundurinn hófst. Og dagurinn byrjaði spennandi, því á flugvellinum í Austin fékk ég hringingu frá manninum mínum: „Það er kviknað í hótelinu þínu!“ Já, á meðan ég reyndi árangurslaust að blunda aðeins um borð í vélinni, var hótelið rýmt og verðandi herbergisfélagi minn lenti á náttfötunum út á götu! Vaskir slökkviliðsmenn hópuðust að og björguðu málunum – alveg eins og í sjónvarpinu og allt endaði vel.

Þegar ég bauð mig fram í nefndina Educators Award vissi ég í raun ekki hvað ég var að fara út í. Ég hafði einfaldlega áhuga og aðstæður til að geta boðið fram krafta mína. Verkefni nefndarinnar er að velja bók eftir konu/konur sem fær \$ 2500 verðlaun og mikla kynningu. Þegar líða fór

að jólum fóru bækurnar að streyma inn um lúguna og að lokum taldi bókastaflinn 32 bækur! Þá hófst hinn mikli lestur, þælingar og vangaveltur. Hver nefndarkvenna er með sams konar lista yfir atriði til að meta bækurnar; hvernig á bókin erindi til samfélagsins í heild og til samfélags DKG, er bókin vel skrifuð, er efnið vel rannsakað o.s.frv.

Verðlaunabókin í ár ber heitið *It's Complicated: The Social Lives of Networked Teens*, eftir fræðikonuna danah boyd (hún skrifar nafn sitt með litlum stöfum). Bókin er afrakstur margra ára rannsókna og fjallar um netnotkun unglinga. Sannarlega áhugaverður lestur fyrir alla þá sem vilja fræðast um unglinga og hvað það er sem þeir raunverulega eru að gera. Heiðursviðurkenningu fékk bókin *The Human Age: the World Shaped by Us*, eftir Diane Ackerman.

Þegar ég gekk í DKG tók ég eftir hve mikið var talað um vináttu og hlýhug DKG systra og hvar sem er í heiminum tækju þær systur hver annarri opnum örmum.

Heimasíða:

[www.dkg.org/category/committee/educators-award](http://www.dkg.org/category/committee/educators-award)



Þetta upplifði ég í Austin. Af okkur fimm sem í nefndinni sitja, er ég sú eina sem hinar þekktu ekki – þær þekktust allar. Ég tilheyri hinni ungu Mýdeild hér á Íslandi og hef því tiltölulega litla reynslu innan samtakanna og mætti alveg græn á fundinn. Mér var tekið mjög vel, bæði af starfsfólki höfuðstöðvanna sem og nefndarkonum. Á fundinum ríkti jákvæðni, hlýja, virðing og vinnusemi, bæði meðal nefndarkvenna og starfskvenna höfuðstöðvanna. Sem birtist e.t.v. í því að málum er einfaldlega reddað eins og þegar vatnið var tekið af húsinu á laugardeginum. Vatni var safnað í krukkur, krúsir og vaska víðsvegar um húsið, klósettum skipt á milli fundarkvenna og áætlun haldið!

Ég er reynslunni ríkari, ég átta mig aðeins betur á uppbyggingu samtakanna og hef sannarlega meiri og betri tilfinningu fyrir sögu Delta Kappa Gamma. Það að ganga um höfuðstöðvarnar, finna anda hússins, lesa í umhverfið og fá smá sögustund á staðnum fannst mér afar dýrmætt. Ég hvet konur til að bjóða sig fram í alþjóðleg nefndarstörf og alls ekki láta óöryggi hefta sig. Ég hlakka til starfsins framundan og þess þegar þær bækurnar byrja að streyma á nýjan leik, eins og bréfin Hogwarts til Harry Potter!

### Verkefni nefndarinnar:

„...Verkefni nefndarinnar er að velja bók eftir konu/konur sem fær \$ 2500 verðlaun og mikla kynningu Þegar líða fór að jólum fóru bækurnar að streyma inn um lúguna og að lokum taldi bókastaflinn 32 bækur!...“

### Vissir þú...

... að á þessari slóð getur þú nálgast lista yfir verðlaunabækur Educators Award, allt frá árinu 1946?

<https://www.dkg.org/content/educators-award-recipient-list>



Ljósmynd: Guðný S. Ólafsdóttir, Mýdeild.

## Educational Excellence Committee

Guðný Helgadóttir  
Gamma



Hlutverk „Educational Excellence Committee“ er að leggja fram tillögur að verkefnum sem geta eflt og styrkt félagskonur, þróað menntamál og aukið þekkingu og vitund um stöðu menntamála í heiminum.

Síðastliðið haust tók ég sæti í nefndinni fyrir hönd DKG á Evrópusvæðinu. Tveir fulltrúar koma frá hverju svæði og því er um ansi fjölmenna nefnd að ræða. Á fundi nefndarinnar í október sl. í höfuðstöðvum samtakanna í Austin í Texas var rætt um þær megináherslur sem nefndin mun leggja í starfinu á þessu tvíæri og kynna á námskeiðum og málstofum á svæðapingunum í sumar.

Ákveðið var að hafa yfirskriftina „Pick your passion!“ Þrjú meginsvið voru valin: „Empowering Women through Leadership Opportunities“, „Promoting Excellence in Education through Programs and Projects“ og „Changing Global Awareness through Collaboration Worldwide“. Á svæðapingunum verður fjallað um þessi þrjú viðfangsefni og gefin dæmi um hvernig fjalla megi um þau í starfi deilda.

Deildir eru á engan hátt bundnar af þessum tillögum heldur eru þær hugsaðar sem stuðningur við starf þeirra ef þær svo kjósa. Það fer eftir aðstæðum á hverjum stað, áhuga og möguleikum hvernig landssambönd og einstakar deildir velja að vinna að markmiðum samtakanna eins og þau eru skilgreind í lögum og reglugerðum en vonandi geta hugmyndir nefndarinnar alið af sér frekari hugmyndir um verkefni sem félagskonur geta unnið að á vettvangi DKG.

### Verkefni nefndarinnar:

„Hlutverk „Educational Excellence Committee“ er að leggja fram tillögur að verkefnum sem geta eflt og styrkt félagskonur, þróað menntamál og aukið þekkingu og vitund um stöðu menntamála í heiminum.“

### Heimasíða:

[www.dkg.org/category/committee/educational-excellence](http://www.dkg.org/category/committee/educational-excellence)



## Evrópu forum

Kristrún Ísaksdóttir  
Gamma



Eins og segir á heimasíðunni okkar þá eru fjögur umræðutorg (Forum) í alþjóðasamtökum Delta Kappa Gamma Society International, þ.e. kanadískt, evrópskt, suður-amerískt og bandarískt. Um er að ræða vettvang þar sem lögð er áhersla á að styrkja starfið á viðkomandi svæðum og efla tengsl milli landa innan þeirra. Fundir í Evrópu Fórum (EF), eins og umræðutorg okkar svæðis er kallað í daglegu tali, eru haldnir einu sinni á ári, ýmist í tengslum við Evrópuþing eða alþjóðþing samtakanna.

Delta Kappa Gamma starfar nú í átta löndum í Evrópu og á hvert land fulltrúa í nefnd (European Forum Committee) sem undirbýr hina árlegu Forum fundi og stýrir störfum EF á milli funda. Nefndin er skipuð til tveggja ára í senn og kýs hún sér formann. Núverandi formaður er Riet Smits-Hoenderken frá

Hollandi. Starfandi nefnd 2014-2016 óskar að stuðla að auknum sýnileika DKG í Evrópu, efla kynningu á áhugaverðum verkefnum og starfsháttum og hvetja til aukins samstarfs félaga og deilda milli landa. Þá er lögð áhersla á að efla meðvitund um sögulega þróun DKG í einstökum löndum og á Evrópuvísu og minnst sporgöngukvenna.

Laugardaginn 8. ágúst 2015, á seinasta degi Evrópuþings Delta Kappa Gamma í Borås, verður næsti fundur í Evrópu Fórum. Að venju er fjallað um tiltekið þema áður en gengið er til dagskrár aðalfundar. Þemað í ár er „Who wants to be a teacher“ og mun Katrin Saks frá Eistlandi segja frá þarlandri rannsókn undir yfirskriftinni: „A Study on the Popularity of Teaching Profession in Estonia“. Ég vonast til að sjá sem flestar ykkar á þeim fundi.

Heimasíða:

<http://dkgeurope.org/>

### Verkefni nefndarinnar:

„Eins og segir á heimasíðunni okkar þá eru fjögur umræðutorg (Forum) í alþjóðasamtökum Delta Kappa Gamma Society International, þ.e. kanadískt, evrópskt, suður-amerískt og bandarískt. Um er að ræða vettvang þar sem lögð er áhersla á að styrkja starfið á viðkomandi svæðum og efla tengsl milli landa innan þeirra..“

## Membership

Ingibjörg Jónasdóttir  
Gamma



Félaganefnd alþjóðasamtaka DKG, International Membership Committee, sér um ýmis mál sem snerta félagaaðild almennt svo sem þjálfun, gagnasöfnun um starfið sem fer fram og tillögur um breytingar á málefnum sem snerta félaga samtakanna. Nefndin fer yfir leiðbeiningar, t.d. um innsetningu nýrra félaga, hvernig eigi að viðhalda fjölda í deildum og fleira tengt félagaaðild. Hún vinnur einnig að því að efni sé aðgengilegt á vefnum.

Þjálfun nýrra formanna félaganefnda landssambanda á svæðaráðstefnum samtakanna er mjög mikilvæg. Miðvikudaginn 5. ágúst 2015, daginn sem Evrópuráðstefnan er sett, verður dagsnámskeið í Borås í Svíþjóð fyrir Evrópusvæðið, en námskeiðið er milli kl. 08:30-15:30. Ráðstefnan er síðan sett kl. 18:30. Mjög mikilvægt er að öll Evrópulöndin sendi fulltrúa á þetta námskeið sem og

önnur námskeið sem eru í boði þennan dag. Konur sem koma til með að stýra þeim málaflokki sem um ræðir eru sérstaklega hvattar til þátttöku. Stjórn alþjóðasamtakanna og alþjóðanefndirnar kynna þar þau atriði sem unnið er að og konur fá einnig tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa þar með áhrif.

Á alþjóðþingum er látinna félagskvemma minnst. Nefndin undirbýr þessa hátíðlegu minningarathöfn og er næsta þing í Nashville Tennessee 2016. Þar mun einnig verða tilkynnt um heiðursfélaga eftir tillögum sem nefndin hefur unnið að.

Nefnd sú sem starfar tímabilið 2015-2017 hittist í Austin í Texas síðast liðið haust og setti sér

### Verkefni nefndarinnar:

„...Membership Committee, sér um ýmis mál sem snerta félagaaðild almennt svo sem þjálfun, gagnasöfnun um starfið sem fer fram og tillögur um breytingar á málefnum sem snerta félaga samtakanna...“

Heimasíða:

[www.dkg.org/category/committee/membership](http://www.dkg.org/category/committee/membership)



markmið sem sjá má á síðu nefndarinnar, <https://www.dkg.org/category/committee/membership>.

Nefndin hefur haldið fjölda veffunda og á í miklum tölvusamskiptum. Nefndinni berst fjöldinn allur af fyrirspurnum sem reynt er að leysa úr með aðstoð Nitu R. Scott sem er okkar tengiliður við alþjóðaskrifstofuna.

Þátttaka í alþjóðasamtökum DKG gefur konum fjölmörg tækifæri til að hafa áhrif á menntamál víðsvegar í heiminum. Við viljum hvetja konur til enn frekari samskipta og munum kynna nokkra möguleika til þess á svæðaráðstefnunum í sumar.

Mikilvægast er þó að með þátttöku í DKG gefst tækifæri til að hitta konur með sama áhugamál þvert á menntakerfið og einnig víðsvegar í þjóðfélaginu jafnframt því að efla leiðtogaþæfni og efla sig í lífi og starfi.

Ég hlakka til að kynna ykkur nýja möguleika sem samskiptavefur samtakanna, <https://www.dkg.org> mun gefa okkur en verið er að endurnýja hann um þessar mundir.



Ljósmynd: Guðný S. Ólafsdóttir, Mýdeild.

## Nomination Committee

### Sjöfn Sigurbjörnsdóttir Alfa

Á alþjóðþingi Delta Kappa Gamma í Indianapolis í sumar var ég kjörin í Nomination nefndina. Við komum fimm nýjar í nefndina frá svæðunum fimm. Við erum kosnar til fjögurra ára en nefndin telur tíu konur og eru fimm nýjar kosnar á tveggja ára fresti. Tvær eru frá hverju svæði. Formaður nefndarinnar er Dr. Morag Gundy frá Ottawa í Kanada. Á fyrsta fundi okkar í Austin síðastliðið haust sagði hún mér frá því að hún ætti tengdadóttur af íslenskum ættum sem hún væri mjög ánægð með. Fjölskylda hennar væri mikils metin í Kanada.

Í stuttu máli er nefndinni ætlað að skipa nýjar embættiskonur í hin ýmsu embætti svo sem alþjóðaforseta, fyrsta og annan, Nominations nefndina, fjárlaganefndina og í fleiri toppstöður en kosið er á tveggja ára fresti. Næsta þing okkar verður í Nashville 5. – 10. júlí 2016.

Við í Nomination nefndinni komum næst saman í Austin 27. október 2015 og veljum þá nýjar konur. Umsóknarfrestur um þessi embætti rennur út í haust.

Við höfum allar verk að vinna á

Heimasíða:

[www.dkg.org/category/committee/nominations](http://www.dkg.org/category/committee/nominations)



svæðisþingunum í sumar. Ég og Kate York frá Englandi og fyrrverandi Evrópuforseti verðum á Evrópuþinginu í Svíþjóð í sumar. Það hefur verið mjög ánægjulegt að vinna með samstarfskonum mínum í nefndinni. Við kynntumst vel í haust, þjuggum á góðu íbúðahótel í Austin í göngufæri við skrifstofur aðalstöðva DKG. Einnig kynntist ég betur alþjóðaforsetanum Lyn, en henni hafði ég kynnst lítillega þegar hún heimsótti okkar þing á Hótel Heklu 2013. Hún er mikil baráttukona og dugnaðarforkur og vill veg samtakanna sem mestan.

Formaðurinn okkar Morag Gundy hefur haldið okkur vel við efnið með stöðugum tölvupóstum þar sem við verðum að gera grein fyrir ýmsum málum er snerta samtökin og nefndina. Símafundur verður haldinn 30. apríl. Ég hlakka til að hitta Kate og fleiri DKG konur sem ég hef hitt á Evrópuþingum. Það er alltaf mikil kátína og fræðsla á þessum þingum. Íslenskar DKG konur hafa alltaf fjölmennt á Evrópuþingin.

#### Verkefni nefndarinnar:

„Í stuttu máli er nefndinni ætlað að skipa nýjar embættiskonur í hin ýmsu embætti svo sem alþjóðaforseta, fyrsta og annan, Nominations nefndina, fjárlaganefndina og í fleiri toppstöður en kosið er á tveggja ára fresti..“





## Scholarship Committee

Sigríður R. Sigurðardóttir,  
Alfa



Eitt af fyrstu verkum alþjóðaforseta að loknu alþjóðþingi er að skipa í nefndir til næstu tveggja ára. Ein af þeim er námsstyrkjanefndin.

Verkefni nefndarinnar er að úthluta styrkjum til kvenna innan samtakanna sem eru í doktorsnámi eða meistaranámi. Þær sem stunda doktorsnám fá úthlutað 10.000 dollara styrk og meistaranemar 6.000 dollurum. Þetta eru verulegar upphæðir enda voru 43 konur sem sóttu um styrki þetta árið, flestar frá Bandaríkjunum. Umsóknaraðilar þurfa að hafa verið félagar í samtökunum í þrjú ár. Allt að 30 styrkjum hefur verið úthlutað árlega. Í ár var úthlutað 10 styrkjum. Níu til doktorsnema og einum til meistaranema. Aðeins ein kona frá Evrópu sótti um styrk sem hún fékk í doktorsverkefni sem hún vannur við. Hún er frá Finnlandi.

Við erum fimm konur sem sitjum í Scholarship nefndinni, ein frá hverju svæði samtakanna. Ég er fulltrúi Evrópusvæðisins.

Fyrsti fundur okkar var haldinn í febrúar, svo kallaður Skype-fundur, hann fór fram, eins og nafnið bendir til, í gegnum tölvuskjáinn, afskaplega þægilegur fundur og afslappaður.

Þar vorum við nefndarkonur settar inn í nefndarstörfin og fengum að vita, hvað við þyrftum að gera fyrir aðalfund okkar í höfuðstöðvunum í mars. Í framhaldi fundarins fengum við síðan sendar í Drop- boxið 43 umsóknir sem við áttum að meta og dæma fyrir þann fund. Þar með hófst mikil undirbúningsvinna og yfirferð allra umsóknanna. Þetta var eins og stífur próflestur og eins gott að geta gefið sér tíma í vinnuna.

Síðan var blásið til tveggja daga fundar í Austin í Texas 20. - 21. mars til að ganga frá málum. Þann fund sátu, auk nefndarkvenna, alþjóðaforseti Dr. Lyn Schmith og Phyllis Hickey frá höfuðstöðvunum. Fundardagar voru langir og strangir en skemmtilegir í fallegu húsi samtakanna í Austin höfuðborg þeirra Texasbúa. Það hvílir sérstakur andi yfir húsinu sem ekki er beint hægt að lýsa með orðum. Það er kvenlegur virðugleiki, það er ætlast til að konum sé gert hátt undir höfði er þær stíga fæti inn í húsið. Allt er mjög fagað og farið eftir settum reglum. Ég vona að sem flestar okkar eigi eftir að koma þangað og kynnast umhverfinu.

Það var skemmtileg reynsla að koma til

**Verkefni nefndarinnar:**

„Verkefni nefndarinnar er að úthluta styrkjum til kvenna innan samtakanna sem eru í doktorsnámi eða meistaranámi. Þær sem stunda doktorsnám fá úthlutað 10.000 dollara styrk og meistaranemar 6.000 dollurum...“

**Heimasíða:**

[www.dkg.org/category/committee/scholarship](http://www.dkg.org/category/committee/scholarship)

höfuðstöðvanna í Austin og kynnast aðstöðunni og hitta konurnar sem sitja í Scholarship Committee. Ég hvet allar okkar konur sem eru í meistara- eða doktorsnámi, eða eru að hefja það, að sækja um styrk til samtakanna. Íslenskar konur hafa margar þegið námsstyrki frá samtökunum, bæði í meistara- og doktorsverkefni.

Umsóknareyðublöð verður að finna á netsíðu samtakanna [dkg.org](http://dkg.org) frá 1. júlí. Umsóknarfrestur rennur út 1. febrúar 2016.

Einnig hvet ég konur til að sækja Evrópuþingið í Borås í Svíþjóð í ágúst og hitta þar aðrar evrópskar DKG konur.



*Ljósmynd: Guðný S. Ólafsdóttir, Mýdeild.*



## World Fellowship Committee

Eygló Björnsdóttir  
Beta



World Fellowship nefndin er ein af átta nefndum alþjóðasambandsins sem sett er undir hatt *stefnu og markmiða* (mission and purposes) á heimasíðu samtakanna. Forseti alþjóðasambandsins tilnefnir fimm konur í nefndina fyrir hvert tveggja ára tímabil, eina frá hverju svæði (region) samtakanna. Megin hlutverk nefndarinnar er að úthluta námsstyrkjum til kvenna víðs vegar í heiminum sem hyggjast stunda masters- eða doktorsnám í Bandaríkjunum eða Kanada. Styrkjum hefur verið úthlutað síðan árið 1946 og eru þeir fjármagnaðir með framlögum frá ýmsum aðilum. Meðal annars hafa ýmsar deildir innan DKG styrkt sjóðinn. Styrkurinn er ekki ætlaður konum innan DKG. Tímabilið 2014–2016 tók ég að mér að sitja í þessari nefnd fyrir hönd Evrópusvæðisins.

Nefndarstörfin fóru rólega af stað á þessu fyrsta ári, en 17. febrúar var haldinn fjárfundur í nefndinni til að leggja línurnar vegna þeirrar vinnu sem þyrfti að inna af hendi áður en hist yrði á „venjulegum“ fundi í Texas þann 27. og 28. mars. Á fjárfundinum kom fram að fyrir fundinn þyrftum við að vera búnar að lesa og meta umsóknir frá 93 konum. Hver nefndarkona les sem sé allar umsóknirnar og gefur hverri umsókn stig á bilinu frá 1-

100 samkvæmt sérstöku matsblaði sem allar vinna eftir. Á fundinum sjálfum bera svo nefndarkonur saman bækur sínar og endanleg ákvörðun er tekin um hverjar hljóti styrk.

Það er mikil vinna fólgin í því að lesa allar umsóknirnar og meta, vinna sem þó er lærdómsrík, sérstaklega fyrir okkur sem höfum flest til alls. Konurnar, sem að þessu sinni voru frá 56 mismunandi löndum (þar af ein frá Íslandi), hafa allar áhugaverða sögu að segja frá sínum aðstæðum og framtíðaráformum sem fróðlegt var að fá innsýn í. Má með sanni segja að margar þessara kvenna hafa lagt ótrúlega mikið á sig til að komast á þann stað í lífinu sem þær eru nú. Við getum með stolti sagt að DKG hafi áhrif á menntun um allan heim því nær allar þessar konur eru að sækja sér viðbótarmenntun til að geta orðið að liði og haft áhrif í sínu heimalandi að framhaldsnámi loknu.

Þann 27. og 28. mars fór síðan fundurinn fram í höfuðstöðvum samtakanna í Austin í Texas. Þar völdum við 20 konur sem hljóta 4000\$ styrk hver, en einnig voru valdar sex konur sem fá viðbót á fyrri styrki samtals að fjárhæð 3200\$. Vissulega hefðum við helst viljað veita öllum umsækjendum styrk en því miður er víst ekki fjármagn til þess og því þarf að velja og hafna.

Auk þess að velja styrkþegana þurftum við að ræða á hvern hátt við ætlum að standa að kynningu á World Fellowship styrknum á svæðisþingunum í sumar, bæði hér í Evrópu og í Bandaríkjunum. Mikilvægt er að kynna styrkinn bæði innan samtakanna sem og út fyrir þau, því

**Verkefni nefndarinnar:**

„Megin hlutverk nefndarinnar er að úthluta námsstyrkjum til kvenna víðs vegar í heiminum sem hyggjast stunda masters-eða doktorsnám í Bandaríkjunum eða Kanada....“

**Heimasíða:**

[www.dkg.org/category/committees/world-fellowship](http://www.dkg.org/category/committees/world-fellowship)

betri kynning skilar sé vonandi í auknum framlögum til sjóðsins. Yfirfara þurfti upplýsingarnar sem birtar eru í bæklingi sem gefinn er út til kynningar á styrknum og birtast einnig í NEWS fréttablaðinu og á heimasíðu samtakanna. Nefndin setti sér líka ný markmið til að vinna eftir á tímabilinu en þau eru:

1. Use social media to build awareness about World Fellowship
2. Engage the members of the Society in promoting World Fellowship

Að fundinum loknum seinni daginn, fór nefndin á nærliggjandi veitingahús og átti saman notalega kvöldstund yfir góðum veitingum. Næsta dag, þann 29. mars, hélt svo hver til síns heima en allar komum við langt að, þó vissulega megi segja að Evrópufulltrúinn ég, hafi haft vinninginn í þeim efnum ☺.

Þrátt fyrir langt og strangt ferðalag, því það er jú langt frá Akureyri til Austin í Texas ☺, var þetta skemmtileg og lærdómsrík ferð og gaman að kynna og stofna til vinskapar við hinar nefndarkonurnar og fá innsýn í þeirra líf og störf.



*Ljósmynd: Guðný S. Ólafsdóttir, Mýdeild.*

*Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma  
Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma  
studla að auknum fræðilegum og  
persónulegum þroska kvenna í  
fræðslustörfum og gæðum í menntun og  
uppeldisstörfum*



*Delta Kappa Gamma, Íslandi*

*Vorfréttabréf 2014*



*Heimasíðan okkar er:  
<http://dkg.muna.is>*

*Heimasíða alþjóðasamtakanna er:  
<http://dkg.org>*